

VIII. KAFLI

39. gr.

Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn bæjarins, og veitir þeim lausn eftir því, sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Bæjarstjórn getur falið bæjarráði og forstöðumönnum bæjarstofnana að ráða í ákveðnar stöður.

Fastar stöður skulu að jafnaði auglýstar til umsóknar, en heimilt er þó bæjarstjórn (bæjarráði) að skipa í stöðu án slíkrar auglýsingar. Bæjarstjórn (eða bæjarráð) getur ákveðið hver almenn skilyrði skuli gilda um skipun í stöður hjá bænum, svo sem sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðnar stöður.

Um réttindi og skyldur starfsmanna bæjarstjórnar gilda ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eftir því sem við getur átt, nema annað sé sérstaklega ákveðið í samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjóri f. h. bæjarstjórnar getur sett starfsmönnum erindisbréf og ákveðið þar starfssvið þeirra.

Skylt er starfsmönnum að hlýða breytingum á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

IX. KAFLI

40. gr.

Til þess að gera breytingu á samþykkt þessari, þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meiri hluta atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Njarðvíkurkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. mars 1976.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Skúli Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um holræsagjöld á Akranesi.

1. gr.

Hverjum þeim, sem á hús eða húshluta á Akranesi, á lóð eða leigir lóð í bænum við götu eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, ber að greiða árlegt holræsagjald til bæjarsjóðs.

Upphæð holræsagjaldsins skal vera 0.15% af fasteignamatí húsa og lóða skv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963. Upphæð holræsagjaldsins skal þó aldrei vera lægri, en svarar kr. 6.50 á hvern rúmmetra í íbúðarhúsnæði og kr. 1.60 á hvern rúmmetra af öðru húsnæði. Á sama hátt skal upphæð holræsagjaldsins aldrei vera hærri en svarar kr. 6.50 á hvern rúmmetra af öðru húsnæði. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald.

Lágmarksupphæð holræsagjalds fyrir hverja gjaldskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 1 100.

Nú er fasteign, sem greiða ber af holræsagjald eigi virt fasteignavirðingu og skal þá greiða holræsagjald skv. samþykktum uppdráttum.

Þó skal aldrei reikna holræsagjald af húsi það ár, sem bygging þess hefst.

Holræsagjaldið er miðað við byggingavísitölu og breytist einu sinni á ári til samræmis við byggingavísitöluna, eins og hún er í árslok hverju sinni. Hækkanir samkvæmt þessari málsgrein mega þó ekki vera meiri en 50% án staðfestingar ráðuneytis.

2. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka, ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðrætti í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

3. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. apríl 1976.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Skúli Sigurðsson.

S A M Þ Y K K T

um hundahald í Eyrarbakkahreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Eyrarbakkahreppi.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í hreppnum, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Upphæð gjaldsins skal miðuð við kostnað við eftirlit með hundum í hreppnum.
- Skýlt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
- Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda